

Skólareglur og skilmálar.

Skólareglur

- Með því að senda inn umsókn í Tónskólann Do Re Mi samþykkir umsækjandi þá skilmála sem birtast í þessum skólareglum sem og gjaldskrá skólans og taka skilmálarnir gildi strax og umsækjandi hefur fengið staðfestingu á námsvist
- Tónskólinn mun reyna að verða við sérstökum óskum eftir fremsta megni en áskilur sér einhliða rétt til að ákvarða um kennara eða kennslustað í samræmi við aðstæður hverju sinni.
- Gjaldskrá skólans er háð ákvörðunum skólanefndar um gjaldskrárhækkanir og eru birtar á heimasíðu skólans fyrir hvert skólaár.
- Forráðamönnum ber að ganga frá greiðslu skólagjalda fyrir upphaf hvers skólaárs. Ætli nemandinn að halda áfram námi næsta skólaár þá þarf að greiða staðfestingargjald fyrir 12. apríl. Staðfestingargjaldið er óendurkræft.

Umgengni og ástundun

- Ætlast er til að nemendur séu stundvísir, stundi námið vel og reglulega, komi með það sem þarf í kennslustundir og sýni tillitsemi og kurteisi í samskiptum.
- Nemendum ber að ganga snyrtilega um húsnæði og eigur skólans. Verði nemandi uppvís að skemmdum á eigum skólans ber forráðamönnum að bæta skaðann.
- Ætlast er til að nemendur hafi hafa slökkt á farsímum á meðan á kennslustund stendur.
- Ætlast er til að allir hljóðfæranemendur skólans komi fram á tónleikum hans a.m.k. einu sinni á önn eða eftir fyrirætlum hljóðfærakennarans eða skólastjóra.
- Hljóðfæranemendur skólans taka áfangapróf samkvæmt nógildandi námskrá tónlistarskólanna eða almenn vorpróf. Auk þess taka nemendur sambærileg próf í tónfræðigreinum. Einhverjir kennarar geta ákveðið að hafa gömlu stigsprófin, en það frekar undantekning.
- Hafi nemandi ekki lokið miðprófi við 18 ára aldur, getur skólinn ekki boðið viðkomandi pláss næsta skólaár.
- Nemandi getur ekki verið lengur en 5 ár í framhaldsnámi við skólann, samkvæmt reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Hljóðfæraleiga

- Fiðlu-, gítar-, hörpu-, harmóniku-, selló-, þverflautunemendum stendur til boða að sækja um hljóðfæraleigu og verður skólinn við þeirri ósk ef mögulegt er. Skólinn áskilur sér þó rétt til að hafna umsókn um hljóðfæraleigu ef ekki er hægt að finna hljóðfæri við hæfi í hljóðfæraleigu skólans.
- Nemendur sem taka á leigu hljóðfæri frá skólanum ber að fara vel með þau.
- Bannað er að lána hljóðfærin þriðja aðila.
- Forráðamenn þeirra nemenda sem þau nota þurfa að greiða leigugjald og undirrita leigusamning.
- Leigugjald er ekki endurgreitt þó að nemandi hætti á miðju skólaári.
- Viðhald hljóðfærisins á lánstímanum og skemmdir af völdum slæmrar meðferðar eru á kostnað ábyrgðarmanns. Umsækjendum er bent á að mögulegt er að tryggja hljóðfæri í þeirra umsjón hjá öllum helstu tryggingarfélagum.

Endurgreiðsla skólagjalda

- Segja þarf upp skólavist með minnst þriggja mánaða fyrirvara til að eiga rétt á endurgreiðslu skólagjalda. Uppsögn skal miðast við mánaðarmót.
- Undantekning frá þessu eru nemendur í framhaldsnámi á hljóðfæri. Þessir nemendur geta ekki sagt upp námi og skólavist þeirra er bundin fyrir allt skólaárið með þessari umsókn.
- Til þess að uppsögn sé gild verður að senda hana skriflega með tölvupósti á netfangið: doremi@simnet.is. Uppsögn á námi telst ekki gild nema hægt sé að sýna fram á tölvupóst henni til staðfestingar
- Ef skólavist er sagt upp eftir 15. febrúar, þá eru skólagjöld ekki endurgreidd.
- Staðfestingargjald er aldrei endurgreitt.

Forföll

- Forfallist nemandi ber forráðamönnum að tilkynna það eins fljótt og hægt er á netfangið doremi(hjá)simnet.is eða í síma 551-4900.
- Kennsla vegna forfalla nemanda er ekki bætt upp.
- Veikist kennari fellur kennsla niður á meðan á veikindum hans stendur. Kennarar tilkynna veikindi með því að senda sms skilaboð og tölvupóst með Visku (nemendaforrit skólans) til foreldra/forráðamanna. Dragist veikindi kennara á langinn í tvær vikur eða lengur, útvegar skólinn annan kennara eða bætir upp þær kennslustundir sem hafa tapast.
- Ef skólinn fellur niður kennslu vegna veðurs, þá er sú kennsla ekki bætt upp.
- Jólafri, páskafrí og aðrir frídagar fara eftir skóladagatali tónlistarskólanna. Frídagar í grunnskólum vegna starfsdaga, ferðalaga, foreldraviðtala o.p.h. eru ekki frídagar í tónlistarskólanum.
- **Sjá skóladagatal hér:** <https://www.viska.is/dagatal/?id=6d897c6e6efa2179>

Upptökur af tónleikum og öðru starfi Tónskólans.

- Á grundvelli samþykkis foreldris/forráðamanns barns áskilur Tónskólinn Do Re Mi sér birtingar- og dreifingarrétt á öllu því hljóð- og myndefni sem tekið er upp af nemendum skólans á viðburðum sem skólinn stendur fyrir sem og í kennslustundum. Birtingarétturinn nær til vefsíðu skólans, útgáfu DVD, CD diska, vefútgáfu sem og annars kynningarefnis. Mynd- og hljóðupptökur gerðar af nemendum á tónleikum eða í kennslustundum eru eign tónlistarskólans.